

Ed.

48. Frumvarp til námulaga.

[46. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, sem þar finnast í jörðu eða á, þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi tilgreina.

Nú er jörð í ábúð, og fer þá um rétt ábúanda til jarðefna eftir ábúðarlögum.

2. gr.

Á öðrum landssvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

3. gr.

Landeiganda samkvæmt 1. gr. er innan þeirra marka, sem síðar segir, rétt að vinna án leyfis á eða í landareign sinni jarðefni, svo sem grjót, mól, mó, surtarbrand, leir og önnur slík jarðefni.

Við nám jarðefna skal gæta þess vandlega, að framkvæmdin valdi eigi hættu mönnum, munum né búpeningi. Sama gildir um frágang námu að verki loknu.

Sveitarstjórn sú, sem í hlut á, skal hafa eftirlit með því, að fyrirmælum þessum sé hlitt, og er henni rétt að kippa því, sem ábótavant er í þessu efni af hendi námueiganda, í lag á hans kostnað.

4. gr.

Nú vill landeigandi vinna málma eða málmblendinga úr jörðu, framkvæma jarðboranir eftir jarðefnum, grafa námubrunn, 10 m eða dýpri, eða gera námugöng, og skal hann senda ráðherra frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum, námu-teigum og mannvirkjagerð og gera grein fyrir fjárhagslegri og tæknilegri aðstöðu sinni til framkvæmdanna. Landeigandi skal, ef ráðuneytið óskar þess, leggja fram sérfræðilegt álit um mengunarhættu, sem kynni að vera samfara leit og vinnslu jarðefna, svo og jarðfræðilega álitsgerð um áhrif borana eftir jarðefnum á verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í nágrenninu. Ráðherra er rétt að setja landeiganda þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði.

Námueiganda ber að kaupa tryggingu hjá váttryggingarfélagi, sem ráðherra metur gilt, til greiðslu á hvers konar fébótum vegna skaðabótaverka, sem unnin eru á vegum námueiganda í sambandi við námureksturinn og málmleitina.

5. gr.

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsg. 3. gr.

6. gr.

Nú vill landeigandi selja eða leigja námuréttindi í landi sínu, þau er í 1. mgr. 4. gr. segir, í hendur félagsskap, þar sem hann er þátttakandi, og þarf til þess leyfi ráðherra.

Nú vill landeigandi í öðrum tilvikum en þeim, er í 1. mgr. segir, selja eða leigja námuréttindi ásamt afmörkuðum námuteigi, hvort sem er frá jörð eða sér í lagi með öðrum hætti, og skal sveitarfélag það, þar sem námuréttindi eru, hafa forkaupsrétt eða forleigurétt, en að því frágengnu ríkið.

Að öðru leyti skal beita ákvæðum laga um kauprétt á jörðum.

Eigi er heimilt að selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, sveitarfélaga, sjóða né almannastofnana, nema að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með lögnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr.

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka lögnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landsvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef lögnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta lögnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun lögnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

- a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er,
- b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign lögnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

9. gr.

Nú stundar aðili, hvort heldur er almannaaðili eða einkaaðili, löglega leit og vinnslu jarðefna, og eru þá landeigendur og leiguliðar á þeim svæðum, sem nauðsynleg eru til vinnslu og hagnýtingar jarðefnanna, skyldir eftir úrskurði ráðherra að þola mannvirki, lagningu vega, vatnstöku og vatnsleiðslur og svo önnur afnot af löndum sínum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdanna.

Nú næst ekki samkomulag um fullt endurgjald, og skal ákveða það með lögnámsmati.

10. gr.

Rétt er ráðherra að veita íslenskum aðiljum sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara, ef um einkaeign er að tefla.

Íslenskir aðiljar teljast:

- a) Stofnanir, sem hlíta stjórn íslenskra ríkisins.
- b) Íslensk sveitarfélög.
- c) Íslenskir ríkisborgarar.
- d) Samtök, sem hlíta fyrirsvári íslenskra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. þrjú fimmstu samtakamanna íslenskir ríkisborgarar.
- e) Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenskra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvara þremur fimmstu hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. þrjú fimmstu allra atkvæða.
- f) Önnur félög með takmarkaða ábyrgð, enda séu þrjú fimmstu hlutar félaga íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, leggi fram þrjú fimmstu hluta stofnfjár, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenskra ríkisborgara, búsettra þar.
- g) Félag með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

Rétt er ráðherra, að fengnu samþykki Alþingis, að veita erlendum aðilja sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi undir því skilorði, er í 1. mgr. segir.

11. gr.

Sérleyfi má eigi veita, fyrr en ráðherra hefur fengið í hendur fullkomna frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum og sannað hefur verið fyrir honum, að tryggð hafi verið öflun fjár, sem að mati hans nægir til framkvæmdanna, og að væntanlegur sérleyfishafi njóti aðstoðar manna með nægilega sérþekkingu til framkvæmdanna.

Rétt er ráðherra að setja það skilyrði, að sérleyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu, sem ráðherra metur gilda, fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenska aðilja.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. eiga hér við.

12. gr.

Í sérleyfi skal tilgreina:

- a) Að samþykktir sérleyfishafa, ef um félag er að tefla, séu viðurkenndar af ráðherra.
- b) Tímalengd sérleyfis, sem má vera allt að 40 árum.
- c) Staðarmörk leitar- og vinnslusvæðis.
- d) Hvort sérleyfi tekur til allra jarðefna eða tiltekinna tegunda og þá hverra.
- e) Að ráðherra samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
- f) Að sérleyfishafi noti íslenzkt vinnuafll, nema ráðherra veiti leyfi til annars.
- g) Hvenær leitarstarfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skal vera lokið.
- h) Að vinnslustarfsemi skuli hefjast fyrir lok leitar tímabils og að sérleyfi skuli vera fyrirgert, ef hún stöðvast samfleytt í þrjú ár, nema ráðherra veiti undanþágu.
- i) Að sérleyfishafi sendi ráðherra tilkynningu um jarðboranir, sem hann lætur framkvæma, um þykkt og gerð berglaga og svo um fundin jarðefni, enda fylgi sýnishorn af jarðefnum og berglögum.
- j) Að sérleyfishafa beri að hlíta því eftirliti, sem ráðherra ákveður, og greiða kostnað af því.
- k) Að sérleyfi verði eigi framselt, nema að fengnu samþykki ráðherra.
 - l) Um greiðslur til ríkisins fyrir námurekstur á ríkislendum, sbr. 8. gr.
- m) Um opinber gjöld.
- n) Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að sérleyfistíma loknum.
- o) Um frágang á starfstöðvum að vinnslutíma loknum.

13. gr.

Leyfishafi hefur fyrirgert leyfi sínu, ef einhverju skilyrði, sem greinir í lögum þessum, er eigi fullnægt. Sama er og, ef sérstakir skilmálar í sérleyfi eða samningum í sambandi við leyfið eru eigi haldnir eða bú sérleyfishafa er tekið til skuldaskila eða gjaldþrotameðferðar.

Rétt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

14. gr.

Ráðherra er rétt að banna útflutning óunninna jarðefna, ef hann telur, að útflutningur þeirra efna skaði íslenzka framleiðsluhagsmunum eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu.

Ráðherra er rétt að setja reglugerð um þau efni, sem greinir í lögum þessum.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

16. gr.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909, lög nr. 8 31. maí 1927 og lög nr. 20 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lög, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi felld.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til námulaga var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð eigi útrætt.

Frumvarpið er nú lagt fyrir 93. löggjafarþing með þeim breytingum, sem Nd. Alþingis hafði gert á því, en þær voru þessar:

2. gr. hljóði svo:

Á öðrum landsvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

5. gr. hljóði svo:

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsgl. 3. gr.

8. gr. hljóði svo:

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka lögnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landsvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef lögnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta lögnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun lögnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

- a) tiltekinn hluta óskirs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er.
- b) tiltekinn hluta skirs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign lögnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Auk þess er eftirfarandi málsgrein bætt í 14. gr. frumvarpsins.

Ráðherra er rétt að hanna útflutning óunninna jarðefna, ef hann telur að útflutningur þeirra efna skaði íslenska framleiðsluhagsmuni eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu.

Upphaflega er frumvarp til námulaga samið að tilhlutan iðnaðarráðherra af Árna Snævarr, ráðuneytisstjóra, Gizuri Bergsteinssyni, fyrrv. hæstaréttardómara og Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara.

Létu þeir frumvarpinu fylgja eftirfarandi greinargerð:

Höfundar frumvarpsins hafa kannað eldri löggjöf landsins um þetta efni og svo víðað að sér erlendum gögnum, þar á meðal löggjöf ýmissa þjóða.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909 með breytingum samkvæmt lögum nr. 8 31. maí 1927 og lögum nr. 20 12. júní 1939 eru orðin úrelt. Þau eru takmörkuð við málma og málmblendinga, en taka eigi yfir önnur jarðefni. Þá gilda þau einungis um námuréttindi „í jörðu eða landi, sem er óskipt eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, örafum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika“. Þá skulu og lögin taka til námuréttinda í landssjóðs- og lénskirkjujörðum, sem seldar kynnu að verða, eftir að lögin tóku gildi.

Lögin taka eigi til leitar og vinnslu jarðefna í löndum í einkaeign. Eru lögin við það miðuð, að námuréttindi fylgi landareign.

Í námulöggjöf ýmissa landa koma fram þrjár mismunandi stefnur:

1) Landeigandastefnan (akcessionsprincip), en samkvæmt henni eru jarðefni eign þess, sem land á. Lagastefna þessi gildir í Stóra-Bretlandi, þó með undantekningu um gull- og silfurnámur í Englandi. Þá er lagastefnan ráðandi í Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar.

2) Finnandastefnan (mutingsprincíp). Samkvæmt lagastefnu þessari er við það miðað, að tiltekin verðmæt jarðefni séu eign ríkisins (regale), en mönnum sé heimilt að leita þeirra bæði í einkalöndum og almannaalöndum og njóti finnandi forgangsréttar til vinnslu. Þessi stefna ruddi sér til rúms í Þýzkalandi á miðöldum og hefur í meginatriðum verið tekin upp í rétt Finna, Norðmanna og Svía.

Norðmenn beita og sérleyfastefnunni í ríki mæli, að því er tekur til útlendinga.

3) Sérleyfastefnan (koncessionsprincíp). Er hún reist á þeirri grunnreglu, að ríkið taki umráð námuréttinda og veiti þeim aðiljum, er teljast til þess hæfir, sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna. Þessi stefna gildir um námuréttindi í Grænlandi samkvæmt dönskum lögum og um jarðefni í Danmörku, sem eru svo djúpt í jörðu, að þau höfðu eigi verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1932. Sérleyfastefnan gildir og að nokkru í Belgíu og Frakklandi.

Verður þá að því vikið, hvernig námurétti hafi frá öndverðu verið háttáð samkvæmt íslenskri löggjöf.

Réttur til landa í einkaeign varð upphaflega til hér á landi með námi tiltekinna landsvæða, sem hvorki voru háð eignarrétti einstakra manna né yfirráðarétti ríkis (landnámi). Landnámsmaðurinn og þeir, er síðar öðluðust rétt hans fyrir kaup, erfðir o. s. frv., hafa vafalaust orðið eigendur að öllum gæðum landsins, bæði á og undir yfirborði þess. Er þá athugunarefni, hvort á þessu hafi seinna orðið breyting vegna löggjafarákvæða. Hin helztu lagafyrirmæli, sem að þessu lúta, verða rakin hér á eftir.

1. Grágás. Þar eru engin ákvæði um nytjun jarðefna undir yfirborði jarðar, að undanteknu fyrirmæli í I, b bls. 137, en þar segir, að leiglendingur hafi rétt til mótaks í leigulandi.

2. Jónsbók. Ákvæði hennar um jarðefni undir yfirborði jarðar eru næsta fábreytt. Auðsætt er þó, að landeiganda ber réttur til þeirra, eins og eftirgreind ákvæði sýna:

Landsbrigðabálkur, 6. kap.: „Nú vill maður selja land sitt verði ... hann skal heimila honum fé það allt, sem þar kann að finnast í jörðu og á jörðu, nema eigandi verði að ...“. Sams konar ákvæði er í 7. kap. landsbrigðabálks.

Landsleigubálkur, 6. kap.: „Leiguliði á torf að skera í landinu sem hann þarfnast til eldiviðar ...“.

Landsleigubálkur, 60. kap.: „Þar er tré eru í jörðu, hálf ofar en nú gengur flóð til, og á sá maður þar tré og bein, er jörð á fyrir ofan ...“.

Þjófabálkur, 14. kap.: „Nú brýtur maður haug eða grefur jörð manns, að óleyfi þess, er jörð á, til fjár, færi aftur þeim, er jörð á, slíkt sem hann fann ...“.

3. Eftir lögtöku Jónsbókar voru engin almenn ákvæði um námurétt tekin í lög fyrir en með tilskipun 13. júní 1787 um verzlunar- og siglingamálefni á Íslandi. Þar eru í 8.—10. gr., III. kap., eftirgreind ákvæði:

8. gr. „... Hvað brennisteininum annars viðvíkur yfir höfuð, þá má hver og einn, hvar sem helzt hann finnur hann, færa sér hann í nyt, hvernig sem hann helzt vill og getur, geri hann það aðeins með leyfi landeigandans, ef brennisteinninn finnst annars staðar en á hans eigin lóð“.

9. gr. „Þá námagrepti, sem finnast í landinu, hvort heldur það eru jarðar-, sand- eður stein-tegundir, má hver og einn að frjálsum hagnýta sér, til hvers sem hann hezt veit og getur, svo framarlega sem þeir finnast á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem í einskis eign eru. Og með því ýmsar steintegundir eru reyndar að vera mjög svo hentugar til bygginga og annarrar brúkunar, þá skal þeim, er vilja brjóta þvilíkan stein, og beiðast þess á löglegan hátt, gefast eignarréttur til þvilíks staðar, sé hann aðeins ekki nokkurs annars eign að undanfögnu. Og svo sem þeir mega eftir samkomulagi forlíkast við eigandann, þegar öðruvísi er ástatt, svo skal og yfirvaldið hafa tilsjón með,

að enginn neiti öðrum án gildrar orsakar þvílíks leyfis til að hagnýta sér þess háttar ágóða fyrir sannsýnilegt endurgjald, þegar hann er mikilvægur og eigandinn sjálfur getur eigi né vill nota sér hann. Sama skal gilda um einar og aðrar sjaldfengnari steintegundir, svo sem kalk- og gipsspat, kristal, ópál, glerhalla, hrafninnu, jaspis, zeolit, sem og ýmsar tegundir af jarðeldsgleri. Og þar á ofan mega þeir, sem vilja húða og tilbúa þvílíka steina til ýmislegrar þrýði, hvartil þeir eru að raun yfrið hentugir, vænta að verða njótandi hæfilegra verðlauna eftir ásigkomulaginu, svo framarlega sem þess konar tilraunir kynnu sýnast að verða til nokkurrar verulegrar nytsemdar“.

10. gr. „Í sama máta mega einnig þeir njóta hæfilegrar náðar og styrks, eftir ásigkomulaginu, sem vilja uppgötva og brjóta steinkol, sem og koma því til vegar, að menn kynnu með hægra móti að brjóta úr bergi og hagnýta surtarbrandinn; og skal yfirvaldið á áðursagðan hátt hafa gætur á, að það nauðsynlega samkomulag megi verða gert við eigandann um þetta“.

Eins og hin tilfærðu ákvæði bera með sér, er landeigendum hér áskilinn réttur til náma í landi sínu.

4. Á Alþingi 1905 lögðu tveir alþingismenn fram frumvarp til námulaga, sem samið hafði verið á vegum landsstjórnarinnar. Frumvarpið var að mestu sniðið eftir norskum námulögum frá 1842 og tók aðeins til málma og málmblendinga, en ekki annarra jarðefna. Í frumvarpinu var sú stefna lögð til grundvallar, að réttur til málmnáms í landinu sé alþjóðareign, hvort sem málmur finnst í löndum í einkaeign eða utan þeirra. Þessi stefna mætti þegar mótspyrnu á Alþingi, og lýstu margir þingmenn yfir þeirri skoðun sinni, að landeigendum bæri námu-réttur í landi sínu. Frumvarpið hafði verið borið fram undir þinglok, og varð það ekki útrætt á þinginu.

Landsstjórnin lagði frumvarpið frá 1905 fram á Alþingi árið 1907, að mestu leyti óbreytt. Fljótt kom fram, að landeigandastefnan hafði yfirgnæfandi fylgi á Alþingi. Breytingartillaga við frumvarpið, sem að meginstefnu gekk í þá átt, að lögin skyldu einungis taka til landsvæða, sem landið hefði eignarrétt á eða eignarumráð yfir, var samþykkt í efri deild með öllum atkvæðum. Var frumvarpið þannig breytt síðan samþykkt í neðri deild með 13 atkvæðum gegn 4. Varð frumvarpið þannig að námulögum nr. 61 22. nóv. 1907.

Árið 1909 lögðu tveir alþingismenn fram á Alþingi frumvarp til námulaga. Voru lögin frá 1907 aðalstofn þess, en nokkrar breytingar gerðar, sem ekki skipta máli í því sambandi, sem hér ræðir um. Var frumvarp þetta samþykkt í einu hljóði í báðum deildum Alþingis. Eru núgildandi lög nr. 50 30. júlí 1909 þannig til orðin.

Um 1. gr.

Höfundar frumvarps þessa telja rétt að halda uppi hinni fornu og nýju réttarhefð um rétt landeiganda til hvers konar jarðefna í landi sínu. Hin svonefnda landeigandastefna (akcessionsprincip) er þannig lögð til grundvallar með vissum takmörkunum, sbr. 4. gr. og 6. gr. frv. Hins vegar er ráðherra í 7., 8. og 9. gr. frv. veittur réttur til að láta leita jarðefna í löndum í einkaeign og taka þau eignar-námi gegn greiðslu fullra bóta til landeiganda. Þá er og ráðherra rétt undir sama skilorði að veita íslenskum aðiljum sérleyfisrétt til leitar og vinnslu jarðefna í lendum í einkaeign (koncessionsprincip). Ætlað er til, að til slíks réttar útlend-ingum til handa þurfi samþykki Alþingis, sbr. 10. gr.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um rétt ríkisins til alls lands, sem ekki er í einkaeign. Ákvæði 1. gr. námulaga nr. 50/1909 eru á þeim sjónarmiðum reist, að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign. Þessi sjónarmið liggja og til grundvallar tveimur hæsta-

réttardómum (Hrd. 1955, bls. 108, og Hrd. 1969, bls. 510). Samkvæmt lögum nr. 50/1909 gátu menn öðlazi finnandarétt til jarðefna á þessum landsvæðum, en í frv. þessu er við það miðað, að ríkið eigi réttinn og geti nýtt hann sjálft eða veitt öðrum sérleyfi til að nýta hann, sbr. 10. gr.

Um 3. gr.

Hér ræðir um þau jarðefni, sem landeiganda er rétt að vinna án sérstakra skilyrða. Þau jarðefni, sem greinin tekur yfir, hafa frá fornu fari verið hagnýtt af jarðeigendum. Greinin brýnir fyrir þeim, sem í hlut eiga, að gæta varúðar við vinnsluna og frágang á vinnslustað. Misbrestur í þessu efni myndi varða refsingu eftir 15. gr.

Um 4. gr.

Frv. veitir landeiganda rétt til að vinna hvers konar námu í landi sínu, sbr. 1. gr., en nauðsyn ber til, sé um meiri háttar vinnslu að tefla, að almannavaldið hafi íhlutun um framkvæmd verksins bæði frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði. Þá er námueiganda gert að skyldu að kaupa váttryggingu til að fullnægja skaðabótaskyldu, sem á hann kann að falla.

Um 5. gr.

Ganga ber ríkt eftir því, að aðiljar þeir, sem stunda leit og vinnslu jarðefna, fari í öllu að settum reglum, beiti þeim aðferðum, sem frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði teljast viðhlítandi, og gangi eigi á rétt landeigenda né annarra. Ber því brýna nauðsyn til, að ráðherra hafi fullkomin lögtæki til að halda uppi og framfylgja löglegum ákvörðunum sínum í þessu efni. Er honum með ákvæði 5. gr. veitt heimild til að skipa eftirlitsmann með þeim, sem leggja fyrir sig leit og vinnslu jarðefna.

Um 6. gr.

Svo sem áður er rakið, er grunnstefna frumvarpsins sú, að réttur til jarðefna fylgi eignarrétti til lands þess, þar sem jarðefni finnast. Er þetta í samræmi við ákvæði islenzkra laga um vatnsréttindi. En þó réttindi til jarðefna séu í eigu landeiganda, er eðlilegt og í góðu samræmi við grunnreglur laga um almenn takmörk eignarréttar, að landeiganda séu settar þær skorður um hagnýtingu, sem frá sjónarmiði alþjóðar mega teljast eðlilegar og skynsamlegar. Í 4. gr. frv. eru rakin ýmis fororð þess, að landeigandi megi hefjast handa um leit og vinnslu jarðefna. Einnig telst rétt, að ráðherra hafi hönd í bagga, þá er landeigandi vill stofna félagsskap til nefndra athafna. Fær ráðherra þá og tilefni til að kanna, hvort aðrir aðiljar hafi áhuga á því að öðlast sérleyfi til leitar og vinnslu á því landsvæði, sem um er að tefla, sbr. 10. gr. frv.

Eðlilegt virðist, að sveitarfélag það, þar sem vinnsla jarðefna er vænleg og álitleg, hafi forkaupsrétt til námusvæðis, en ríkið að frágengnu sveitarfélaginu. Það athugast, að forkaupsréttarákvæði þessi skipta ekki miklu máli, þar sem ráðherra er með 8. gr. frv. veitt heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til námurekstrar.

Ákvæði síðustu mgr. 6. gr. eru í samræmi við gildandi lög.

Um 7. gr.

Þess hefur áður verið getið, að í ýmsum löndum ríkir hin svonefnda finnanda-stefna (mutingsprincíp). Er þá hverjum sem er rétt að framkvæma leit að jarðefnum. Geta finnendur í slíkum tilvikum öðlazi forgangsrétt til vinnslu. Finnanda-stefnan gildir eftir lögum nr. 50/1909 um jarðefni í lendum ríkisins, þar á meðal afréttum og öræfum. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er landeigandastefnan (akcessionsprincíp) lögð til grundvallar í samræmi við sögulega hefð, að því er einkalendur varðar. Einnig heimilar frv., ef að lögum verður, ráðherra að hafa megináhrif á jarðefnaleit og vinnslu, sem einkaaðiljar framkvæma. Þá er ráðherra

og rétt að hafa frumkvæði að leit og vinnslu jarðefna og svo að veita einkaaðiljum leitarrétt og sérleyfi til vinnslu, enda sé landeigendum bættur skaði þeirra samkvæmt ákvæðum lögnámslaga.

Ákvæði 7. gr. frv. fjalla um leitarrétt þann, sem ráðherra fær, hvort sem er til handa stjórnvaldsaðiljum eða borgaralegum aðiljum.

Um 8. gr.

Ákvæði 8. gr. veita ráðherra heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, hvort sem er í þágu alþjóðar, einstakra stjórnáslu-aðilja eða borgaralegra aðilja. Mjög erfitt mun reynast að framkvæma fyrir fram mat á slíkum réttindum. Í framkvæmd verður að leitast við að samræma sjónarmið lögnámspolenda og lögnemenda, áður en matsnefnd kveður upp fullnaðarúrskurð. Einstrengingsleg sjónarmið myndu oft leiða til þess, að ekkert yrði úr framkvæmdum.

Um 9. gr.

Afnot af löndum og mannvirkjum utan hins eiginlega námusvæðis eru oft nauðsynleg vegna námuvinnslu. Ákvæði 9. gr. miða að því að gera slíka notkun framkvæmanlega.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frv. eru taldir upp þeir aðiljar, sem ráðherra má veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi. Eru reglur þessar settar með hliðsjón af ákvæði 7. gr. laga nr. 34 1964, um loftferðir, að því er varðar rétt til að skrásetja loftfar hér á landi, og 1. gr. laga nr. 53/1970, um skráningu skipa.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 10. gr. er sérleyfi til handa erlendum aðilja til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi háð samþykki Alþingis.

Um 11. gr.

Samkvæmt 4. gr. frv. þarf landeigandi að fullnægja ýmsum fjárhagslegum og tæknilegum skilyrðum til að mega hefjast handa um vinnslu jarðefna í landi sínu. Því fremur er ástæða til að setja skilyrði í þessu efni, þá er erlendir aðiljar eiga í hlut.

Um 12. gr.

Það er mjög mikilvægt, að ákvæði sérleyfis séu rækileg og skýr. Í 12. gr. frv. hefur verið leitast við að telja upp þau atriði, sem hvert sérleyfi skal geyma, en eigi er ætlað til, að upptalning þessi þurfi að vera alveg tæmandi.

Um 13. gr.

Hér er dregið á þau atriði, sem leiða til þess, að sérleyfishafi fyrirgeri sérleyfisrétti sínum. En ráðherra er veitt heimild til að líta á málavexti hverju sinni. Hér ber og að minnast refsíákvæða 15. gr.

Um 14.—17. gr.

Ákvæði þessara greina þarfnast eigi skýringa.